

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 16. júlí 2020 deiliskipulagsbreytingu, Suðurbæjar sunnan Hamars, Hlíðarbraut 10 og 12.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir fjórum nýjum lóðum við Hlíðarbraut auk þess sem lóð Suðurgötu 41 (St. Jósepsspítali) er minnkuð og aðkomu að henni breytt.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 29. júní sl. var lagður fram uppfærður uppdráttur vegna deiliskipulagsbreytinga er ná til Hlíðarbrautar 10 og 12.

Með breytingunum hefur verið brugðist við athugasemdum Minjastofnunar Íslands vegna klappar sem er innan þess svæðis sem nú hefur verið auglýst sem nýjar íbúðarhúsalóðir við Hlíðarbraut.

Á deiliskipulagsuppdráttinn hefur eftirfarandi verið fært inn í greinargerð þar sem fjallað er um lóðir B, C, D og E, 5 lið:

„Á lóð C er klöpp sem munnmæli segja bústað huldukonu. Haft er eftir fyrrum íbúa er bjó á Hlíðarbraut 12 að í klöppinni búi huldukona sem hafi verið henni góður nágranni. Við útfærslu lóðarinnar skal taka tillit til þessarar klappar og tryggja að hún verði áfram hluti af umhverfinu.“

Jafnframt hefur verið unnin húsakönnun er nær til St. Jósepsspítala, Suðurgötu 41 og Hlíðarbrautar 10.

Málsmeðferð var skv. 41. og 1. mgr. 42. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 2021.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. október 2021